


Alþingi
Erindi nr. P 127/516
komudagur 14.12.2001



Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Sigrún Brynja Einarsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

12. desember 2001
Snr. 004/TB


Efni: Frumvarp til laga um breyting á vatnalögum, nr. 15/1923


Vísað er í bréf frá iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 21. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruverndar ríkisins um frumvarp til laga um breyting á vatnalögum nr. 15/1923, þskj. 11-11. mál.

Í viðauka I. í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru taldar upp framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Þar á meðal er talið upp að veita vatnsforða en í 14. lið segir: „Veita vatnsforða milli vatnasvæða ef flutningurinn er yfir 30 milljónir m³ á ári. Flutningur á drykkjarvatni í leiðslum er undanskilinn.“ Framangreint frumvarp gerir ráð fyrir að flutningur vatnsfalls með meira meðaltalsrennsli en 4 rúmmetra á sekúndu sé aldrei heimill nema með sérstöku samþykki Alþingis. En 4 m³/s gera ríflega 126 milljónir m³ á ári eða fjórum sinnum það sem ávallt skal sæta mati á umhverfisáhrifum. Svona miklir vatnaflutningar/vatnsmiðlun eru mjög líklega oftast nær í tengslum við virkjanir sem aftur eru háðar samþykki Alþingis. Þó geta vatnsflutningar verið af öðrum orsökum s.s. vegagerð þó ólíklegra sé að þá séu vatnsföll flutt á milli vatnasviða. Það má því telja eðlilegt að leita þurfi sérstaks samþykkis Alþingis vegna mikilla vatnaflutninga eða vatnsmiðlunar, sbr. 1. mgr. 68. og 69. gr. vatnalaga, þó svo að fram fari mat á umhverfisáhrifum. Miklir vatnaflutningar geta haft víðtæk og oft ófyrirsjáanleg áhrif sem geta haft í för með sér mikinn kostnað auk breytinga á náttúruferi.

Náttúruvernd ríkisins telur jafnframt eðlilegt í ljósi þess sem að framan greinir að orðið vatnasvið sé skilgreint í Vatnalögum. Stofnunin bendir jafnframt á að orðið vatnasvæði er notað í lögum um mat á umhverfisáhrifum en þar er væntanlega átt við vatnasvið.

Virðingarfyllst,


Árni Bragason
forstjóri


Trausti Baldursson
sviðsstjóri

NÁTTÚRUVERND RÍKISINS / NATURE CONSERVATION AGENCY

SKÚLAGATA 21, 101 REYKJAVÍK, ÍSLAND

SÍMI / PHONE: (+354) 570 7400 FAX: (+354) 570 7401 NETFANG: nattuvernd@nattuvernd.is

HEIMASÍÐA: <http://www.nattuvernd.is> KENNITALA: 441096-2409

NÁTTÚRUVERND RÍKISINS